



Gjaldskrá fyrir iðjuþjálfun 1. janúar 2021

skv. reglugerð nr.1350/2020

	Sjúkratryggðir almennt (90%)	Aldraðir og öryrkjar (60%)	Börn 0 -18 ára (ef án beiðni annars 0 kr)
Iðjuþjálfun á stofu, heimameðferð og þung meðferð*	6.769 kr	4.513 kr	2.081 kr
Viðbót vegna skoðunar	6.265 kr	4.176 kr	1.926 kr
Einföld meðferð ** / Hópmeðferð I ***	4.327 kr	2.885 kr	1.330 kr
Hópmeðferð II ****	2.893 kr	1.929 kr	890 kr

*þung meðferð: Átt er við meðferð sjúklinga með útbreidd eða flókin vandamál sem eru mun umfangsmeiri en í almennri meðferð. Þetta á við um einstaklinga sem eru með miklar og útbreiddar hreyfiskerðingar og eru verulega háðir aðstoð við hreyfingar og flestar athafnir í daglegu lífi. Til dæmis mikið andlega- eða líkamlega fatlaða einstaklinga, einstaklinga með fjölværka sem valda verulegri hreyfi- og færniskerðingu og þá sem orðið hafa fyrir skaða á miðtaugakerfi sem veldur útbreiddri hreyfi- og færniskerðingu.

** Einföld meðferð: Notuð er ein tegund meðferðarforms þar sem leitast er við að beita gagnreyndri vitneskju á aðferðum innan iðjuþjálfunar. Gildir einnig fyrir börn yngri en 12 ára

*** Hópmeðferð I: Tveir til fjórir einstaklingar, með svipuð vandamál eða sömu sjúkdómsgreiningu eru í þjálfun samtímis og skal iðjuþjálfari vera með þeim allan tímann.

**** Hópmeðferð II: Fimm eða fleiri einstaklingar, með svipuð vandamál eða sömu sjúkdómsgreiningu en þó aldrei fleiri en 10, eru í þjálfun samtímis og skal iðjuþjálfari vera með þeim allan tímann.

ATH: Einföld meðferð og hópmeðferð telst sem hálf meðferð af heimild

Sjúkratryggðir almennt greiða 90% af heildargjaldi gegn framvísun beiðni um iðjuþjálfun. Í almanaksmánuði greiðir sjúkratryggður að hámarki 27.475 kr. fyrir heilbrigðisþjónustu, en í hverjum mánuði að lágmarki 4.579 kr.

Aldraðir og öryrkjar greiða 60% af heildargjaldi gegn framvísun beiðni um iðjuþjálfun. Í almanaksmánuði greiða aldraðir og öryrkjar að hámarki 18.317 kr. fyrir heilbrigðisþjónustu en að lágmarki 3.052 kr.

Börn 0-18 ára greiða ekkert gjald fyrir iðjuþjálfun gegn framvísun beiðni um iðjuþjálfun, annars greiða þau 30% af heildargjaldi.

Börn með sama fjölskyldunúmer teljast sem einn einstaklingur og greiða börn sömu fjölskyldu kr. 18.317 fyrir heilbrigðisþjónustu að hámarki í hverjum almanaksmánuði og 3.052 kr. að lágmarki.